

Ed.

100. Tillaga

til þingsályktunar um skipun nefndar til að rannsaka brjefaskifti milli stjórna Spánar og Íslands.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason og Erlingur Friðjónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skipa þriggja manna nefnd til þess að rannsaka brjefaskifti, sem farið hafa milli stjórna Spánar og Íslands út af Spánarsamningnum og öllu, sem þar að lýtur, svo vitað verði til sanns, hvort eigi er unt að leggja niður útsölastaði vinnanna, án þess það teljist brot á samningnum.

Ástæður.

Tillaga þessi er flutt samkvæmt tilmælum framkvæmdarnefndar Umdæmisstúku Austurlands og í tilefni af brjefi stórtemplars Sigurðar Jónssonar til dómsmálaráðherra, dags. 1. febr. þessa árs, svo hljóðandi:

»Á Stórstúkubínginu síðastl. sumar var samþykkt svolátandi áskorun:
»Stórstúka Íslands skorar á Alþingi, að láta þingnefnd rannsaka brjefaskipti milli stjórna Spánar og Íslands, út af Spánarsamningnum og öllu, sem þar að lýtur, svo að sjð verði, hvort eigi er unt að leggja niður útsölastaði vínaanna án þess það teljist brot á samningnum«.

Jafnframt því að tilkynna yður, hæstv. herra ráðherra, samþykkt þessa, leyfi jeg mjer að beiðast fulltingis yðar til þess að koma þessu máli á framfæri við þingið, svo að nefnd verði falið að rannsaka það og gefa skýrslu um árangur rannsóknarinnar.

Enda þótt fullyrt hafi verið opinberiega, að niðurlagning útsölastaða myndi teljast brot á Spánarsamningnum, virðist allmikill fjöldi manna alt annað en sannfærður um, að þessu sje þannig varið. Fjölmennar áskoranir, sem komið hafa frá þingmálafundum og undirritaðar af fjölda kjósenda, um fækkun sölastaða, benda til þess, að menn nokkuð alment áliti það gerlegt samningsins vegna að leggja niður útsölastaði. Rannsókn sú, sem áskorunin fer fram á, og skýrsla um hana tæki hjer af allan vafa og gerði málið ljósara fyrir almenningi en það nú er. Tel jeg það mikilsvert, og legg þess vegna mikla áherslu á, að slík rannsókn fari fram.

Virðingarfylst.

Sig. Jónsson,
stórttemplar«.